

L1 ehf

Ársreikningur 2006

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 9

L1 ehf
Kennitala 690605-2600
Skiopholti 50b, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar

Félagið var stofnað í júní 2005. Tilgangur þess er að festa kaup á söfnum verðbréfa eða annarra fjármálagerna, þar á meðal skuldabréfa, hlutabréfa, hlutdeildarskírteina eða afleiða, eða söfnum af öðrum peningalegum kröfum, og gefa út skuldabréf, með veði í þessum eignum, sem skráð séu í kauphöll.

Félagið gaf út skuldabréf á árinu 2005 að nafnvirði 245,0 millj. kr. og eru bréfin skráð í Kauphöll Íslands.

Á árinu var hagnaður á rekstri félagsins samkvæmt rekstrarreikningi 0 kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2006 nam 0,5 millj. kr.

Gert er ráð fyrir því að rekstur félagsins verði með svipuðum hætti á árinu 2007 og var á árinu 2006.

Hlutfé félagsins nam í árslok 0,5 millj.kr, en allt hlutfé félagsins er í eigu Laugarness ses.

Enginn starfsmaður var hjá félaginu á árinu, en Glitnir banki hf. sá um rekstur þess.

Stjórn L1 ehf staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2007.

Stjórn:

Jón G.Briem

Ingvi Hrafn Óskarsson

Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa L1 ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning L1 ehf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 30. mars 2007.

PricewaterhouseCoopers hf.

Sigurður B. Arnþórsson

Rekstrarreikningur 2006

	Skýr	2006 01.01.-31.12	2005 27.6-31.12
Rekstrartekjur og rekstrargjöld			
Gangvirðisbreyting verðbréfaeignar		(10.287.915)	7.392.875
Gangvirðisbreyting valréttarsamninga		36.568.361	30.610.639
Gangvirðisbreyting vaxtaskiptasamninga		14.519.400	(5.408.779)
Markaðsvirðisbreyting skuldabréfaútgáfu		(40.799.846)	(32.594.735)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hagnaður ársins		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	Skýr	31.12.2006	31.12.2005
Verðbréfaeign			
Ríkisbréf		240.135.160	250.423.075
Afleiðusamningar		<u>78.259.421</u>	<u>27.171.660</u>
		318.394.581	277.594.735
Veltufjármunir			
Kröfur á móðurfélag		0	500.000
Handbært fé		<u>500.000</u>	<u>0</u>
		500.000	500.000
Eignir samtals		<u><u>318.894.581</u></u>	<u><u>278.094.735</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eigið fé og skuldir	Skýr	31.12.2006	31.12.2005
Eigið fé	2		
Hlutfé		500.000	500.000
Óráðstafað eigið fé		0	0
		<u>500.000</u>	<u>500.000</u>
 Skuldir			
Skuldabréf	3	318.394.581	277.594.735
 Eigið fé og skuldir samtals		<u>318.894.581</u>	<u>278.094.735</u>

Sjóðstreymi ársins 2006

	2006	2005
Skýr	01.01.-31.12	27.6-31.12
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Hagnaður (tap) ársins	0	0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Gangvirðisbreytingar eigna	(40.799.846)	(38.003.514)
Gangvirðisbreytingar skulda	40.799.846	38.003.514
	<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	<u>0</u>	<u>0</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Viðskiptareikningur móðurfélags	500.000	(500.000)
Keypt ríkisbréf	0	(243.030.200)
Fjárfesting í valréttarsamningum	0	(68.404.000)
Afborgun ríkisbréfs	17.150.000	0
	<u>17.650.000</u>	<u>(311.934.200)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað hlutafé	0	500.000
Skuldabréfaútgáfa	0	245.000.000
Vaxtaskiptasamningur	0	66.434.200
Afborgun vaxtaskiptasamnings	(17.150.000)	0
	<u>(17.150.000)</u>	<u>311.934.200</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	500.000	0
Handbært fé í byrjun árs	<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>500.000</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Í samræmi við heimild í 9. gr. laga nr. 144/1944 um ársreikninga hefur félagið ákveðið að færa allar peningalegar eignir og skuldir á gangverði í ársreikningi enda gefur það gleggri mynd af afkomu og fjárhagsstöðu þess en ef fyrrgreindar eignir og skuldir væru færðar á kostnaðarverði. Gagnvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

1.2 Verðbréfaeign

Ríkisverðbréf eru færð til eignar miðað við markaðsgengi í lok ársins. Markaðsvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Afleiðusamningar félagsins samanstanda annars vegar af vaxtaskiptasamningi og hins vegar valréttarsamningi á erlendar hlutabréfavísitölur. Afleiðusamningar eru færðir til eignar miðað við gangverð í lok ársins og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

1.3 Verðbréfaútgáfa

Félagið hefur gefið út skuldabréf að nafnvirði 245,0 millj. kr. Skuldabréfin bera enga nafnvexti en ávöxtun þeirra ræðst af ávöxtun valréttarsamnings á erlendar hlutabréfavísitölur, sem innbyggðar eru í skuldabréfaútgáfuna. Skuldabréfin eru færð til skuldar á gangvirði í lok ársins og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

2. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé félagsins í lok tímabilsins nemur 500.000 kr. Hver hlutur er að fjárhæð hundrað krónur að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverjum eitthundrað króna hlut í félaginu.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01	500.000		500.000
Hagnaður tímabilsins		0	0
Eigið fé 31.12	<u>500.000</u>	<u>0</u>	<u>500.000</u>

3. Skuldabréf

Skuldabréf greinast þannig:	Nafnverð	Bókfært verð
Skuldabréfaútgáfa LAUG 05 1	245.000.000	318.394.581
	<u>245.000.000</u>	<u>318.394.581</u>

4. Samanburður á lykiltölum (í þús. kr.)

	2006	2005
Gangvirðisbreyting fjáreigna	40.800	38.004
Markaðsvirðisbreyting fjárskulda	(40.800)	(38.004)
Verðbréfaeign	318.395	277.595
Skuldabréfaeign	318.395	277.595
Eigið fé	500	500